

## GJALDSKRÁ

### yfir ríkissjóðsgjöld af einkasöluvörum.

Áhafnir og farþegar, sem hafa meðferðis meira magn af einkasöluvörum en heimilt er að hafa án greiðslu gjalda, skulu greiða af því sem umfram er samkv. ákvæðum í reglugerð, dags. nív. 1969, ríkissjóðsgjöld sem hér segir:

A. Áfengi:	½ liter	¾ liter
1. Rauðvín, hvítvín, heit vín og vermoutheit . . . . .		kr. 100.00
2. Koniak, brandy, whisky, brennivín, vodka, gin, genefer, rom, líkjörar, svo og aðrar sterkar tegundir . . . . .	kr. 225.00	— 450.00

Sé um að ræða aðrar pakkningar en að ofan greinir, skal greitt hlutfallslega

- B. Reyktóbak:  
Kr. 225.00 pr. dús., kg. eða lbs.
- C. Vindlingar:  
Regular size kr. 250.00 pr. carton.  
King size kr. 270.00 pr. carton.
- D. Vindlar:  
Smávindlar 30 kr. pr. 10 stk.  
Meðalstærð 100 kr. pr. 25 stk.  
Vindlar aðrir 150 kr. pr. 25 stk.

*Fjármálaráðuneytið, 30. nóvember 1969.*

F. h. r.

**Jón Sigurðsson.**

Björn Hermannsson.

23. desember 1969.

Nr. 310.

## REGLUGERÐ

### um fasteignaskatt á Akranesi.

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 skal innheimta með 200% álagi á Akranesi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964 5. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 23. desember 1969.*

**Magnús Jónsson.**

Gunnlaugur Þórðarson.